

Nefndarsvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd

Sent í umsagnargátt Alþingis og á netfangið umsagnir@althingi.is

Reykjavík, 4. nóvember 2025

Efni: Innleiðing reglugerða Evrópusambandsins um varfærniskröfur til lánastofnana (CRR III), 190. mál 157. Löggjafarþing 2025-2026

Samtök fyrirtækja í fjármálaþjónustu („SFF“ eða „samtökin“) vísa til fyrri umsagna um CRR III. Það er rétt að hafa í huga að um er að ræða innleiðingu reglugerðar sem takmarkað svigrúm er til þess að hafa áhrif á og hefur hún tekið gildi í löndunum í kringum okkur.

SFF vilja leggja sérstaka áherslu á að verði breytingar á frumvarpinu í meðförum þingsins t.d. að lengra sé gengið en nauðsynlegt er, ef ekki gætt að hlutfallsreglu, eða um sé að ræða einhverskonar blýhúðun, að því fylgi skýr rökstuðningur og kostnaðarmat. Íslenska fjármálakerfið er lítið og þarf að bera mun meiri álögur en önnur Evrópuríki.

*Með vinsemd og virðingu f.h.
Samtaka fyrirtækja í fjármálaþjónustu*



Gústaf Steingrímsson, hagfræðingur SFF